

Þessi skýrsla tekur til 2ja ára vegna forfalla á aðalfundi 2017.

Próf

Prófnefnd annast prófið í undirstöðuatriðum í raffræði og radíótækni, próf í reglum og viðskiptum er haldið beint undir Póst- og fjarskiptastofnun eins og verið hefur.

Fyrir aðalfund 2016, sem var haldinn 25. maí, var próf 30. apríl 2016, sem gerð hefur verið grein fyrir í skýrslu sama árs.

26. nóvember 2016 var haldið próf í húsakynnum Háskólans í Reykjavík. *10 tóku prófið.*

enginn var undir lágmarkinu 4 fyrir N-leyfi

7 (70%) voru yfir lágmarkinu 6 fyrir G-leyfi, þar af 4 N-leyfishafar til hækkunar

29. apríl 2017 var haldið próf í húsakynnum Háskólans í Reykjavík. *11 tóku prófið.*

1 náði ekki lágmarkinu 4 fyrir N-leyfi

8 (73%) voru yfir lágmarkinu 6 fyrir G-leyfi, þar af 5 með 8 eða hærra

25. nóvember 2017 var haldið próf í húsakynnum Háskólans í Reykjavík. *8 tóku prófið.*

1 náði ekki lágmarkinu 4 fyrir N-leyfi

5 (63%) voru yfir lágmarkinu 6 fyrir G-leyfi, þar af 4 með 7 eða hærra

Samráðsfundir með stjórn

19. október 2016

Rifjaðar voru upp umræður á fundinum haustið 2015 um kröfur til kunnáttu próftaka í stærðfræði. Í kjölfarið tók Prófnefnd saman heftið “Reiknikunnátta og amatörpróf” handa próftökum (5 bls, 9. feb. 2016). Fundurinn nú taldi ekki þörf frekari aðgerða. Sé reiknigraf notað, sem ávallt fylgir prófverkefni, dugir samlagning, frádráttur, margföldun og deiling.

Prófnefnd fagnaði áhuga á tímabærri endurskoðun reglugerðar og hvatti til að hún yrði heilstæð eins og um aldamótin. Að öðru leyti vísast til fundargerðar 11. stjórnarfundar ÍRA 2016 (www.ira.is, - Óskar Sverrisson 19. október 2016). Þar segir meðal annars: “Prófnefndin ráðleggur stjórn ÍRA að undirbúa fyrirhugaða reglugerðarbreytingu vandlega og tryggja sammæli um tillögur félagsins áður en þær verða lagðar fram”. Getið er upplýsingablaðs Prófnefndar til fundarins um endurskoðunina 2000.

14. nóvember 2017

Rætt um próftaka sem standa höllum fæti. Prófnefnd leggur fram hugmynd TF3VS að hljóðsetningu námsefnis. Fleira var rætt. (Fundargerð á www.ira.is er enn læst, 13/3 2018).

23. janúar 2018

Sjá fundargerð 1. stjórnarfundar ÍRA 2018 (www.ira.is - Ölvir Sveinsson 23. janúar 2018) sem er ítarleg. Svöltilt ábending: Að nota orðið “Evrópureglugerð” um ECC REPORT 89, þar sem frásögn minni (TF3DX) er lýst, er trúlega ofrausn. ECC er undirdeild í CEPT. Hvort Entry Level License fær sambærilega stöðu og svo kölluð CEPT og HAREC leyfi er nú í vinnslu.

6. febrúar 2018

Framhaldsfundur, ákveðinn á síðasta fundi til að ræða frekar ELL og erindi IARU. (Fundargerð á www.ira.is er enn læst, 14/3 2018).

Afskipti formanns ÍRA af prófum

Þann 25. nóvember s.l. gekk prófið hnökralaust að venju. Fylgt var hefðbundnum vinnureglum Prófnefndar; að fara yfir prófið samdægurs með prófdómara Póst- og fjarskiptastofnunar og halda prófsýningu þar sem menn gátu skoðað úrlausnir sínar og einkunnagjöf. Fyrirspurnum er þá svarað og skýringar gefnar eftir því sem próftakar óska. Niðurstaðan er svo send til PFS, sem tilkynnir endanlega útkomu.

Tveimur dögum eftir prófið sendi formaður ÍRA tölvubréf til Póst- og fjarskiptastofnunar, þar sem hann fór fram á að prófdómari PFS og formaður Prófnefndar hitti sig og fari með sér yfir úrlausnir prófsins áður en niðurstöður verði gerðar opinberar. Jafnframt óskaði hann eftir afriti af öllum prófúrlausnum og kvaðst hafa til þess heimild allra próftaka. Undiritun þessa bréfs er: “Jón Þóroddur Jónsson, formaður ÍRA og skólastjóri / umsjónarmaður námskeiða hjá ÍRA”.

Á haustfundum stjórnar og Prófnefndar, bæði 2015 og 2016, áminnti formaður félagsins formann Prófnefndar um að allt ætti að vera uppi á borðinu, nokkuð svo stranglega þó sýnileg ástæða væri engin. Þetta hefur gerst áður.

Í framhaldi fyrrnefnds bréfs, og strax þann sama dag, fengu prófdómari Póst- og fjarskiptastofnunar og formaður Prófnefndar póst frá formanni ÍRA, sem hefst þannig:

“Sælir Villi og Bjarni, ég ætla að senda þetta á ykkur privat og treysti því að þið dreifið ekki”.

Síðan kemur: “Ég legg til að þið færið NN upp í 4 fyrir tæknihlutann og látið hann hafa N-leyfi á sínum afmælisdegi á morgun”.

“MM ætti líka að fá sitt N-leyfi og spara okkur öllum verulegan tíma og vinnu.....”

“Bæði NN og MM yrðu góðir og virkir radíóamatöra og engin hætta falin í að veita þeim leyfi, þvert á móti yrðu báðir amatörá hugamálinu til sóma”.

Og rétt á eftir í öðrum pósti:

“Sælir báðir tveir, best ég staðfesti það sem áður hefur komið fram að ég er tilbúinn að taka ábyrgð á báðum þessum mönnum, NN og MM í loftinu”.

Póst- fjarskiptastofnun hafnaði öllum ofangreindum erindum.

Undangengin 2 ár hefur núverandi formaður ÍRA valið 6 (leiðrétting 16/3: 5 (3+2)) einstaklinga í því skyni að sleppa þeim við próf og í sumum tilfellum sett fram óskir í þá veru við Póst- og fjarskiptastofnun. Engin gögn hafa fylgt um að viðkomandi hafi óskað eftir þessari fyrirgreiðslu, eða samþykkt hana. Tveir þeirra stóðust próf til G-leyfis af eigin rammleik skömmu síðar, þar sem Prófnefnd vék í engu frá sínum verklagsreglum.

Prófnefnd hefur ávallt tekið alvarlega það hlutverk sitt að fara með vald sem fellur undir opinbera stjórnslu. Hún þarf að haga störfum sínum eins og ætlast er til af þeirri opinberu stofnun sem ÍRA þiggur umboð sitt frá. Nefndin hefur lagt áherslu á:

sömu prófkröfur fyrir alla

að hjálp að öðru leyti sé veitt með skilgreindum hætti þegar þörf er á

að kappkosta að niðurstaða prófs sé óvilhöll mæling

að persónulegt álit einhvers innan ÍRA á próftaka komi hvergi við sögu

að skil séu á milli kennslu og prófahalds

Þetta varðar þá viðkvæmu stöðu að dæma félaga sína án þess að það bitni á samstöðunni í ÍRA, en ekki skiptir minna máli að almenningur geti treyst því að aðild að ÍRA, eða þátttaka í námskeiði á þess vegum, veiti engin forréttindi.

Prófnefnd var sett á laggirnar til að tryggja festu í prófkröfum og framkvæmd. Ljóst þótti að bein afskipti stjórnar, þar sem menn koma og fara, væru ekki heppileg. Því segir í lögum ÍRA að það sé hlutverk Prófnefndar að halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. Í langri sögu nefndarinnar hafa allir formenn ÍRA virt þetta hlutverk hennar og treyst henni fyrir því, þar til nú. Fordæmislaus afskipti núverandi formanns eru fleiri en ofan greinir, með vaxandi þunga þau 2 ár sem þessi skýrsla tekur til.

Mannabreytingar í Prófnefnd

Á gamlársgangi 2017 barst Prófnefndinni snögglega eftirfarandi kveðja frá formanni ÍRA:

“Sælir nefndarmenn, prófnefndar ÍRA. Á stjórnarfundum ÍRA 29. desember 2017 var tekin ákvörðun um að skifta um einn prófnefndarmann. Ákveðið var að TF3KB, Kristján Benediktsson viki og í staðinn kæmi TF1GW/TF3GW, Þór Þórisson í nefndina”.

Engin ástæða er tilgreind fyrir þessari ráðstöfun.

Aðeins einu sinni áður í sögu Prófnefndar hefur stjórn hlutast til um mannaval í Prófnefnd án sýnilegrar ástæðu; árið 2015 undir núverandi formanni ÍRA. Þá gaf hann eftirfarandi skýringu:

“Við getum ekki, held ég, litið svo á að Prófnefnd hafi einhverskonar sjálfstætt líf innan félagsins og því hljóti nefndin að falla undir aðstoðarmenn stjórnar og því ber stjórn að skipa Prófnefnd árlega með skriflegri tilskipun en þó þannig að skipta ekki fleirum en einum manni út í nefndinni á hverju ári”. Enn fremur:

“ Okkar niðurstaða í núverandi stjórn er því sú að við viljum skipa Prófnefnd og skipta út einum manni. Við viljum skipa TF3EK í nefndina og mundum skipa annan til ef við mættum”.

Óþarft ætti að vera að taka það fram, hve miklu máli skiptir fyrir farsæl störf Prófnefndar að innan hennar ríki traust.

Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX

24. gr.

Hlutverk prófnefndar félagsins er að: (1) Halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.